

**524. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 28. ágúst 2019 og
hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður, Smári Karlsson aðalmaður, Ragnar Ingi Kristjánsson varamaður og Magni Hreinn Jónsson varamaður.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Sólsetrið - Umsókn um lóð - 2019030102

Pálmar Kristmundsson sækir um lóð við enda Vallargötu á Þingeyri vegna framkvæmdar sem kynnt hefur verið bæjaryfirvöldum sem Sólsetrið. Fylgigögn eru umsókn dags. 20.03.2019 og erindisbréf ódagsett.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að kynna verkefnið fyrir íbúasamtökunum Átak, jafnframt að óska álits Skipulagsstofnunar vegna mögulegrar aðalskipulagsbreytingar.

2. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar - endurskoðun - 2015100008

Kynntar niðurstöður úr örútboði rammasamnings vegna endurskoðunar aðalskipulags, Ísafjarðarbæjar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd felur innkaupafulltrúa að hefja samningaviðræður við lægstbjóðanda, að uppfylltum hæfiskröfum.

Eyþór Guðmundsson innkaupafulltrúi mætti til fundar kl 08:30 og vék af fundi 08:50.

3. Sundstræti göngustígur - Skipulag - 2019080029

Lögð fram gögn vegna stígagerðar austanmegin Sundstrætis. Þ.e. lóðaleigusamningar aðliggjandi lóða, ásamt minnisblaði skipulagsfulltrúa.

Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30

Sigurður Mar Óskarsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Smári Karlsson

Ragnar Ingi Kristjánsson

Magni Hreinn Jónsson

Brynjar Þór Jónasson

Axel Rodriguez Överby